

Lokun á gönguslóðum við Fjaðrárgljúfur

Ábending barst til Umhverfisstofnunar um að í óefni stefni við Fjaðrárgljúfur vegna mikillar bleytu í jarðvegi og leðju sem tekin er að myndast við gönguslóða meðfram gilinu, ásamt mikilli umferð gest. Viðbúið var að slíkar aðstæður myndu skapast við leysingar á svæðinu, en umrætt svæði var lokað í 2 vikur í janúar vegna sambærilegra aðstæðna sem þá höfðu skapast.

Umrætt svæði er nr 703 á náttúruminjaskrá og fer Umhverfisstofnun með umsjón svæðisins.

Landvörður á svæðinu var beðin um að taka ástandið út og var það gert 22. febrúar. Þá var enn töluvert af klaka yfir hluta gönguleiðarinnar. Annarsstaðar er yfirborð stígsins hinsvegar mjög blautt og hálfgerð drullusvað. Ísinn hefur samþjappast vegna umferðar, er mjög háll og því einungis fær þeim sem hafa göngubrodna. Á íslausum svæðum er hinsvegar mikil bleyta og leðja og er viðbúið að slíkar aðstæður verði á nær öllum slóðanum þegar ísinn er allur bráðnaður.

Vegna þeirra aðstæðna sem eru að myndast er mikið um að gestir fari út fyrir stíginn, sem veldur átroðningi og skemmdum á blautum gróðri meðfram stígnum, en gróðurinn er sérstaklega viðkvæmur fyrir átroðningi á þessum árstíma. Fjölmörg dæmi eru um það að landvörður hafi afskipti af fólki utan stíga, þrátt fyrir að hann hafi þegar rætt við þau um mikilvægi þess að fylgja stígnum.

Búast má við að þær aðstæður sem eru að myndast við Fjaðrárgljúfur muni vara fram eftir vori. Umhverfisstofnun leggur því til að umrætt svæði verði tímabundið lokað til að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Lagt er til að lokunin taki gildi miðvikudaginn 27. febrúar.

Meðfylgjandi myndir voru teknar af landverði við Fjaðrárgljúfur 22. febrúar.







Daníel Freyr Jónsson

Umhverfisstofnun